



Fundargerð skólanefndar FVA

Fundur haldinn í Toppnum

Dagsetning: 10.04.2025

Fundartími: 16:00-17.00

Fundarstjóri: Steinunn Inga Óttarsdóttir

Fundarritari: Dröfn Viðarsdóttir

Mættir: Steinunn Inga Óttarsdóttir (SIÓ) skólameistari, Dröfn Viðarsdóttir aðstoðarskólameistari, Guðrún Lind Gísladóttir (GLG) fjármálastjóri, Trausti Gylfason fulltrúi kennara, Anna Sólveig Smáradóttir fulltrúi foreldraráðs, Demi Van den Berg fulltrúi nemenda, Ragnheiður Helgadóttir, Liv Áse Skarstad, Ellert Jón Björnsson.

Þórdís Eva Rúnarsdóttir komst ekki á fundinn.

Dagskrá

1. Fjárhagur skólans
2. Stefnumótun til 2027, [stefnumiðuð ríkisáætlun](#)
3. Innritun, Mín framtíð, grunnskólakynning, Opið hús
4. Önnur mál

1. Fjárhagur skólans

GLG fór yfir óstaðfest rekstraryfirlit fyrir árið 2024 en ársreikningur síðasta árs er enn ekki tilbúinn frá Fjársýslunni.

MRN hefur verið að skera niður ársnemendaígildi í framlögum til FVA, m.a. vegna fækkunar nemenda í þ yngsta flokki á starfsbraut. Fyrir árið 2024 voru þeir 480 og þeim var svo fækkað niður í 470 vegna ársins 2025 og þá hallar strax á ógæfuhlið því hvorki hefur dregið úr álagi né verkefnum fækkað sem þessu nam.

Launakostnaður hefur aukist um 85 milljónir milli ára, m.a. vegna nýs stofnanasamnings við kennara sem var kostnaðarmetinn á um 22 milljónir og nýs kjarasamnings. Stöðugildum fjölgaði um rúm þrjú á milli ára, sem hefur áhrif á kostnað vegna dagvinnu. Reynt var eftir fremsta megni að ná böndum á yfirvinnu í vinnumati, en hún hefur einkum verið mikil í verknámi og á starfsbraut. Það þurfti hins vegar að leysa fæðingarorlofstöku og fjarvist vegna slysa/veikinda með yfirvinnu. Launakostnaður við starfsbraut er meiri en framlagið sem skólinn fær.

Fundarritari eða umsjónaraðili fundar sér til þess að fundargerðir og möguleg fylgiskjöl séu vistuð í GoPro. Ef framangreindir eru ekki með aðgang að GoPro leita þeir til skjalastjóra sem sér um vistunina.



Fjölbrautaskóli Vesturlands
á Akranesi

GLG sagði frá kennsluafslætti kennara sem er orðinn nokkuð mikill í FVA eða samtals um 3,6 stöðugildi.

GLG fór yfir liðinn Aðkeypt þjónusta sem tekur á m.a. þjálfun á afreksíþróttasviði, hlutdeild FVA í viðveru skólahjúkrunarfræðings, fyrirlestrum, tölvuþjónustu og annarri aðkeyptri þjónustu.

Á síðasta ári var rekstrarhalli skólans 56 milljónir sem á sér m.a. rætur í því sem hér er nefnt. Þessi halli kemur til lækkunar á viðskiptareikningi FVA hjá ríkissjóði. Inneignin lækkar sem þessu nemur og stendur því upp á tæpar 70 milljónir í lok árs að frádregnum halla.

GLG lagði fram tillögu að nýrri gjaldskrá fyrir næsta skólaári. Þ.e. hækkun á fæði í mötuneyti, rútukostnaði nemenda og heimavistargjöldum. Auk þess sem aflagður verður afsláttur á einingum í dreifnámi. Sjá meðf.

Breytingar á gjaldskrá voru samþykktar.

2. Stefnumótun til 2027, [stefnumiðuð ríkisáætlun](#)

SIÓ sagði frá stefnumiðuðri ríkisáætlun sem við skiluðum í nóvember á síðata ári en í henni eru verkefni skólans í kjarnastarfsemi og rekstri skilgreind til ársins 2027. Í henni eru m.a. metnaðarfull áætlun um að bæta skólasókn og virkni nemenda með annað móðurmál en íslensku, styðja nemendur með D í stærðfræði, fjölga útskrifuðum úr iðnnámi. Í rekstrarhluta áætlunarinnar er efling mannauðs meðal markmiða. En nú hefur verið boðaður niðurskurður í framhaldsskólum til ársins 2030, sjá Önnur mál.

3. Innritun, Mín framtíð, [heimsókn grunnskólanema](#) 3. apríl, Opið hús 7. Apríl

Innritun eldri nema eru í gangi núna og innritun nemenda úr 10 bekk er að hefjast.

Mín framtíð fór fram í Laugardalshöll í mars. Þar vorum við með kynningu á skólanum. Á fimmtudag og föstudag komu um 8000 grunnskólanemendur á sýninguna og á laugardag var opið fyrir almenning.

Á minni framtíð var einnig Íslandsmót iðnnema og tóku þrír nemendur þátt fyrir okkar hönd, 1 í trésmíði og 2 í rafvirkjun. Kostnaður við þátttöku í þessari sýningu er um 500.000 kr.

Í síðustu viku komu um 300 grunnskólanemendur af Vesturlandi í heimsókn til okkar. Þau fengu kynningu á skólanum og borðuðu hádegisverð hjá okkur. Þau fengið síðan kveðjugjöf að heimsókn lokinni. Gekk vel.

Á mánudaginn var Opið hús þar sem væntanlegir nemendur og forráðamenn gátu komið í heimsókn, kynnt sér námið og skoðað skólann. Gekk vel.

Uppbyggingarsjóður styrkti FVA (FSN og MB líka) um eina milljón í kynningarstarfið. Ákveðið var að nýta féð í að bjóða öllum grunnskólanemendum á Vesturlandi í heimsókn þar sem FVA er eini verknámsskólinn á svæðinu og mikilvægt að kynna námsframboðið.

Eftir páska fara náms- og starfsráðgjafar og nemendur með þeim í grunnskólanna með kynningar.

Fundarritari eða umsjónaraðili fundar sér til þess að fundargerðir og möguleg fylgiskjöl séu vistuð í GoPro. Ef framangreindir eru ekki með aðgang að GoPro leita þeir til skjalastjóra sem sér um vistunina.



Fjölbrotaskóli Vesturlands
á Akranesi

4. Önnur mál

a. Stofnun ársins 2024

SIÓ fór yfir helstu niðurstöður FVA í Stofnun ársins frá því í október 2024 en birt í janúar 2025. Skólinn fékk 4,31 í einkunn sem er hækkun um 0,03 stig. Það er ágætis árangur og þetta þokast upp á við. Stofnun ársins 2024, sjá nánar [hér](#) og [hér](#).

b. Kjarasamningur KÍ

SIÓ sagði frá kjarasamningi kennara. Hún fór yfir hvaða hækkanir samningurinn gefur kennurum, eða rúm 20% til ársins 2027, sem er afar gleðilegt. Mótframlag kemur frá ríkinu vegna þessa.

c. Aðhaldsaðgerðir

Fram er komið að spara á 2,5 milljarða í framhaldsskólum landsins til ársins 2030, þar af einn milljarð strax á næsta ári. Þó hefur ekki verið dregið úr verkefnum og stangast þetta verulega á við stefnumiðaða ríkisáætlun skólans til ársins 2027 þar sem m.a. lagt er upp með mikinn stuðning við nemendur o.fl. En ljóst er að skólinn þarf að ráðast í sparnað og er verið er að skoða m.a. eftirtalda liði:

Mininka starfshlutfall

Draga úr þjónustu

Draga úr yfirvinnu

Hagræða þar sem hægt er

Fella niður fámenna áfanga

Draga saman í námskrá (kjarni og val)

d. Ársskýrsla FVA

Lokadrög ársskýrslu 2024 fylgdi með í fundarboðinu og kynna fundarmenn sér hana.

e. Starfamesa

SIÓ sagði frá hugmynd SSV um Starfamesu í öllum framhaldsskólum á Vesturlandi, í stað Tæknimessu eins og verið hefur. Messan hefur verið dagsett á haustönn, 3. október. Ráðinn verður verkefnastjóri fyrir verkefnið sem sinnir öllum skólunum þremur.

Fundi slitið kl. 17:15

Gjaldskrá fyrir skólaárið 2025-2026 - tillögur að breytingum

	Var	Verður	Breyting
Innritunargjald	6,000	6,000	0
Seint gjald	1,500	1,500	0

Fundarritari eða umsjónaraðili fundar sér til þess að fundargerðir og möguleg fylgiskjöl séu vistuð í GoPro. Ef framangreindir eru ekki með aðgang að GoPro leita þeir til skjalastjóra sem sér um vistunina.



Fjölbrautaskóli Vesturlands
á Akranesi

Vanskilagjald	1,500	1,500	0
Tölvugjald	6,000	6,000	0
NFFA gjald	5,500	5,500	0
Brautskráning	6,000	6,000	0
Ferilbók		6,000	6,000
Efnisgjald á starfsbraut	10,000	10,000	0
Efnisgjald á afreksíþróttasviði	40,000	40,000	0
Einingagjald í fjarnámi	3,600	3,600	0
Einingagjald í iðnmeistari	5,000	5,000	0
Dreifnám í sjúkraliða - 15 einingar eða meira	54,000	54,000	0
Dreifnám í húsasmíði - 15 einingar eða meira	65,000	65,000	0
Dreifnám í vélvirkjun - 15 einingar eða meira	65,000	65,000	0
Heimavist - tvíbýli	41,000	45,000	4,000
Heimavist - einbýli	52,000	57,000	5,000
Fæði í mötuneyti - 5 daga vikunnar	1,075	1,175	100
Fæði í mötuneyti - 4 daga vikunnar	1,125	1,225	100
Fæði í mötuneyti - 3 daga vikunnar	1,175	1,275	100
Tíu miða kort í mötuneyti	12,500	14,000	1,500
Þýðing á námsferli	2,500	2,500	0
Þýðing á prófi (á ensku)	15,000	15,000	0
Endurprentun á íslensku/ensku prófskírteini		2,500	2,500
Mat á námi úr öðrum skólum	10,000	10,000	0
Bendill áhugasviðspróf	3,700	3,700	0
Leiga á skáp - á önn	1,000	1,000	0
Próf úr öðrum skólum	2,500	3,500	1,000
Yfirferð óháðs kennara yfir lokapróf	5,000	10,000	5,000
Rútugjald - lágmark hver ferð	2,000	3,000	1,000
Dyslexíugreining hjá námsráðgjafa	35,000	40,000	5,000
Leiga á húsnaði - kennslustofa í klukkustund	6,000	6,000	0
Leiga á húsnaði - tölvustofa í klukkustund	12,000	12,000	0
Leiga á húsnaði - verkstæði í klukkustund	18,000	18,000	0
Leiga á húsnaði - salur í 5 klst	60,000	60,000	0
Leiga á húsnaði - salur í sólarhring	120,000	120,000	0
Gögn af bókasafni - skemmdir	4,500	4,500	0

Fundarritari eða umsjónaraðili fundar sér til þess að fundargerðir og möguleg fylgiskjöl séu vistuð í GoPro. Ef framangreindir eru ekki með aðgang að GoPro leita þeir til skjalastjóra sem sér um vistunina.